

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 115/2019

2022/EES/69/09

frá 8. maí 2019

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar,  
prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1967 frá 12. desember 2018 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 37/2010 til að flokka efnið parómómýsín með tilliti til hámarksildis leifa <sup>(1)</sup>.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við 13. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010) í XIII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32018 R 1967**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1967 frá 12. desember 2018 (Stjtíð. ESB L 316, 13.12.2018, bls. 6).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/1967, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. júní 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. maí 2019.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Claude Maerten**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtíð. ESB L 316, 13.12.2018, bls. 6.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.